

Nd.

246. Frumvarp til laga

um ríkisábyrgð og tryggingarsjóð vegna bátaútvegsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 2.—4. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1947 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

2. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsk- og ýsuflokum nái kr. 1.33 fyrir lbs. fob., þó þannig, að ábyrgðin fari ekki fram úr 35 aorum á lbs. Skal verð annarra fisktegunda vera tilsvareandi.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfiskútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob, miðað við fullstaðinn stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera tilsvareandi. Sambærilegt verð skal ábyrgt fyrir hertan fisk útfluttan.

4. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 2. og 3. gr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski eftir því sem markaðshorfur segja til.

6. gr.

Til að standast þau útgjöld, sem kann að leiða af ábyrgðum skv. 2.—4. gr. skal ríkisstjórnin halda eftir og leggja í sérstakan tryggingarsjóð þann hluta af söluverði síldarafurða 1947, sem er umfram hrásíldarverð eins og það var 1946 að viðbætti hækkan, er svarar til fiskverðshækkunar skv. 1. gr., og vinnslukostnaði. Nú hækkar útflutningsverð einstakra fisktegunda meira en nemur ábyrgð ríkissjóðs, og skal þá það, sem umfram er, renna í tryggingarsjóð.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skal ríkisstjórnin setja með reglugerð.

Nú verður afgangur af fé tryggingarsjóðs, og skal þá sjóðurinn starfa áfram til tryggingar síldveiðunum eftir þeim reglum, er ríkisstjórnin setur.

7. gr.

Auglýsa skal fyrir 1. jan. 1947 lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 1. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera tilsvareandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenskra útvegsmanna um verðlagninguna.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyriræli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjóðmönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er skv. 7. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum skv. lögum þesum.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar 4 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokka til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila álitinu sínu fyrir 1. febr. 1947.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af fjárhagsnefnd óskiptri, en einstakir nefndarmenn hafa áskilið sér rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Nánar í framsögu.